

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Jón Helgason

prentari og bóksali

(1877-1961)

- Skjalaskrá -

September 2007

Einkaskjalasafn nr. 195

Jón Helgason (1877-1961) **prentari og bóksali**

Jón Helgason var fæddur 24. maí 1877 á Grundarstekk, Berufjarðarströnd, Breiðdalshreppi, S.-Múlasýslu og lést 18. janúar 1961. Foreldrar hans voru Helgi bóndi á Grundarstekk, f. 24. júní 1832, d. 9. janúar 1907, Gunnlaugsson og kona hans Sigríður Gísladóttir, fædd 2. sept. 1840, dáin 20. maí 1912. Jón hóf prentnám í Félagsprentsmiðjunni árið 1897. Að loknu námi vann hann um tveggja ára skeið í Noregi. Jón var einn stofnenda Gutenbergs. Árið 1907 keypti hann Aldarprentsmiðjuna með Karli H. Bjarnasyni prentara; settust þeir að í Hafnarfirði og starfræktu þar prentsmiðju til 1910; fluttust þá með hana til Eyrarbakka og voru þar til 1913. Kom Jón þá aftur til Reykjavíkur og vann um tíma í Félagsprentsmiðjunni, og síðar í Gutenberg til 1925. Þann 2. febrúar 1925 stofnaði hann sína eigin prentssmiðju að Bergstaðastræti 27 sem hann starfrækti til 1952. Jón fékkst nokkuð við bóka- og blaðaútgáfu, t.d. Heimilisblaðið og barnblaðið Ljósberann. Hann var einnig bóksali og átti bókaverslunina Emaus. Fyrri kona Jóns var Anna Kristín Sigurðardóttir, fædd 4. júní 1883, dáin 18. nóvember 1918; þeirra börn eru Baldur, Sigurður, Brynjúlfur, allir prentarar að iðn, Guðný og Guðrún, sem báðar létust í bernsku. Síðari kona hans var Aðalbjörg A. Stefánsdóttir, fædd 30. júlí 1878, dáin 5. des. 1953; dóttir þeirra er Helga, húsfreyja í Reykjavík.

Baldur Baldursson, sonarsonur, Jóns færði Borgarskjalasafni skjölin að gjöf 11. desember 2000; Þóra Kristín Arthursdóttir og Baldur Baldursson færðu safninu viðbót 30. júní 2003. Þann 15. ágúst 2006 og 20. ágúst 2007 færði Þóra Kristín Arthursdóttir Borgarskjalasafni fleiri skjöl að gjöf.

Skjalaskrá

Askja 1

- Lausamannsbréf útgefið af Marino Hafstein sýslumanni í Strandasýslu til handa Gísla Grímssyni til heimilis að Bæ í Hrutafirði, útg. 1902. Bréfið er innrammað í tréramma.
- Efnahagsbók Prentsmiðju Jóns Helgasonar, Bergstaðastræti 27, Reykjavík, frá 1930; aftast í bókinni er að finna prentaða grafskrift á legsteini Jóns Þorlákssonar, d. 1712, og konu hans, Sesselju Hallgrímsdóttur, d. 171... .
- Reikningur/nóta frá Adolph Holst papírverfabrik til bókaverslunarinnar Emaus í Reykjavík 15. 11. 1928.
- Prentarinn, aukablað, 4. jan. 1920.
- Fréttablað Morgunblaðsins og Vísis, 1. tbl. 4. jan. 1920.
- Áskriftarlisti fjölda Reykvíkinga að Æfisögu Abrahams Linkolns frá bókaversluninni Emaus í Reykjavík.
- Ljósmynd af KFUM-félögum (sennilega), séra Friðrik Friðriksson fyrir miðri mynd.

Fært safninu 30. júní 2003:

- Ljósmynd af manni.

- Myndir úr bókum af: Guðbrandi Vigfússyni, Hilmarí Finsen landshöfðingja, Sigurði Gunnarssyni, Jóni Árnasyni, Bergi Thorberg, Jóni Sigurðssyni, C. Skovgaard-Petersen, dr. Mich. Larsen.
- Bréf frá Jóni Sigurðssyni til fulltrúa hins íslenska Þjóðvinafélags.
- Kirkjugarðsvígsluræða, eftir sjera J.V. Hjaltalín, Reykjavík 1890.
- Grafskriftir:
 - Áður enn út var borin líkkistan.
 - Bergur Thorberg landshöfðingi yfir Íslandi, Reykjavík 1886.
 - Útför Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur.
 - Ræður fluttar við jarðarför Pjeturs Pjeturssonar, biskups, 3. júní 1891, Reykjavík 1891.
 - Húsræða yfir Hallgrím prófast Thorlacus að Hrafnagili haldin af aðstoðarpresti hans Sv. Hallgrimssyni, 28. októbermánaðar 1859.
 - Minning Þorkels Eyjólfssonar prests í Ásum (1844-1859), á Borg (1859-1875) og á Staðastað (1875-1890). Reykjavík 1900.
 - Útfararminning Kristjáns J. Matthíassens frá Hliði á Álptanesi, Reykjavík 1891.
 - Þorbjörn Ólafsson, fæddur 17. febr. 1828, dáinn 27. febr. 1898.
 - Runólfur Guðmundsson, fæddur 5. mars 1869, dáinn 2. mars 1948, Margrét Árnadóttir, fædd 25. maí 1877, dáiin 19. júní 1948; Ingibjörg Guðmundsdóttir, fædd 13. maí 1866; dáiin 5. jan. 1948; Kristín Hafliðadóttir, fædd 1. okt. 1881, dáiin 7. maí 1948; sr. Árni Þórarinsson fyrrv. prófastur, fæddur 20. janúar 1860, dáinn 3. febrúar 1948; Bryndís Gissuradóttir, fædd 18. febrúar 1939, dáiin 9. september 1948; Sigurður Á. Gunnlaugsson, bakari, fæddur 17. ágúst 1879, dáinn 20. mars 1926; Helgi Jónsson, fæddur 11. apríl 1867, dáinn 2. apríl 1925.
- Verdensdramaet i Karikaturer, 1939-1945, København 1945.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir

Afhent Borgarskjalasafni í ágúst 2006.

Borgarabréf Jóns Helgasonar prentara, útg. af skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 9.10.1906.

Skuldabréf útg. 1.2.1912 og 28.7.1913 af Sparisjóði Árnassýslu.

Útskrift úr afsals- og veðmálabók Reykjavíkurkaupstaðar 25.1.1915.
Páll Stefánsson selur og afsalar Jóni Helgasyni Bergstaðastræti 27.

Byggingaleyfi fyrir viðbyggingu við Bergstaðastræti 27, 26.1.1926.

Samningur um veðrétt í húseigninni við Bergstaðastræti 27, 30.9.1937.

Brunabótaskírteini / Brunabótaskírteini dags. 7. 7.1926 og 2.5.1939

Kaupsamningur 29.5. 1936 vegna prentsmiðu upphaflega keypt af T. M. Engeby 1933.
Köbekontakt 26.8.1930 á Heidelberg prentverki frá Danmörku.

Samningur Prentsmiðu Jóns Helgasonar við Kommúnistaflokk Íslands um að prenta Þjóðviljann dags. 30. janúar og 21. ágúst 1937.

Vörn í gestarétti Reykjavíkur nr. 5. lagt fram 7.6.1933. Guðbjörn Guðmundsson, prentsmiðjustjóri gegn Jóni Helgasyni prentsmiðjueiganda.

Fylgiskjöl 1938, 1939.

Prentað mál:

Íslenskir danslagatextar, Góðar gjafabækur og Um stjórnmalastefnu Framsóknarflokksins. Nýir bandamenn dreifbýlisins í þéttbýlinu. Lagt fram til athugunar fyrir fulltrúa á 12. flokksþingi Framsóknarflokksins í mars 1959 eftir Kristján Friðriksson.

Skjöl Baldurs Baldurssonar nema í prentið hjá Jón Helgasyni.

Námssamningur í prentið fyrir Baldurs Baldurssonar 2.1.1954.

Sveinsbréf fyrir Baldur Baldursson (22.6.1955) samrit 2.8.1979.

Burtfararvottorð frá lönskólanum í Reykjavík 4.5.1955 fyrir Baldur Baldursson.

Skráð í febrúar 2007, Guðjón Indriðason

Afhent Borgarskjalasafni í ágúst 2007.

Askja 3

Ættartala Jóns Helgasonar, prentsmiðjustjóra. Skráð af prófasti Einari Jónssyni Hofi Vopnafirði. Grafskrift, Jón Helgason (24. maí 1877 - 18. janúar 1961).

Æviágrip, handrit að ævisögu Jóns Helgasonar (véritað á fylgiskjalapappír).

Handskrifað æviágrip til handa Baldri syni Jóns og systkinum hans að Jóni Helgasyni látnum, undirskrifað 12.5.1961.

Suðurland VIII. árg. 14. tbl. 20.8.1960. Hálf öld síðan Suðurland hóf fyrst göngu sína. Rætt við Jón Helgason fyrsta prentara blaðsins og Þorfinn Kristjánsson (ritstjóra blaðsins 1916-1917).

Skráð í september 2007, Guðjón Indriðason